

Fundargerð

Fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.


Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Eftir var að fara yfir fundargerð af fundi nr. 362 og því ákveðið var að fresta afgreiðslu fundargerðarinnar til næsta fundar.

2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.



3. Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19

Umræða um hvaða gögn og forsendur þurfa að liggja fyrir til að meta hvaða sveitarfélög þurfa að fá framlög vegna fjárhagserfiðleika vegna Covid-19. Jafnframt var fjallað um mögulega aðferðafræði við útreikninga á framlaginu sem eftirlitsnefndin myndi leggja til við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að verði notuð.

Ákveðið var að GAG myndi taka saman fleiri gögn og málið yrði rætt enn frekar á næsta fundi nefndarinnar.

4. Drög að starfsáætlun

Lögð voru fram drög að starfsáætlun 2021 til umræðu. Ákveðið var að vinna frekar að starfsáætluninni og þá helst hvaða áherslur nefndin eigi að leggja á.

5. Önnur mál

Lagt var fram til kynningar skýrsla um stöðumat hjá Strandabyggð.

Farið var yfir og uppfært verkefnaskjalið.

Fundi lauk kl. 11:20